

Ed.

574. Frumvarp til laga

[69. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. málsgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir bæjarfélögum, sem hafa 3000 íbúa eða fleiri, allt að tveim fimmtu kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að tveim þriðju kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústaði, sem reistir verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.